

inu 6. ágúst 1939, þar á meðal um brunatryggingu á vör-um, sem til efnagerðar hans töldust þá, hvort og hverjar breytingar orðið hafi á brunatryggingum á nokkrum eða öllum þessara verðmæta síðasta árið fyrir 6. ágúst 1939, og hvort hann hafi verið tryggður við tjóni af rekstrarstöðvun vegna bruna.

4. Skrá yfir útistandandi skuldir sínar 6. ágúst 1939 og, eftir því sem unnt er, mat á líklegu tapi á þeim.

5. Greinargerð um viðgerð og endurbætur á húsi sínu, er hann telur hafa farið fram rétt áður en í því kviknaði.

Því úrskurðast:

Flutning þessa máls skal fresta, og veitist sækjanda kostur á að leggja framangreindar upplýsingar fyrir dóm.

Föstudaginn 30. maí 1941.

Nr. 37/1940. **Tómas Þorvaldsson** (Pétur Magnússon)
 gegn
Ketilbjörgu Erlendínu Magnúsdóttur
 (Garðar Þorsteinsson).

Barnsfaðernismál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. maí 1940, hefur krafizt þess aðallega, að hann verði sýknaður af faðerniskröfu stefndu, en til vara, að úrslit málsins verði látin velta á synjunareiði hans. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefnda krefst hins vegar staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt blóðrannsókn, sem fram hefur farið eftir uppkvaðningu héraðsdómsins á aðiljum og barni stefndu, getur áfrýjandi verið faðir barnsins, en blóðrannsóknin sannar ekki, að hann sé það.

Vitnismaðurinn Þorsteinn Danielsson, sem reri til fiskjar ásamt áfrýjanda veturinn 1938, kveður áfrýjanda ekki hafa getað án sinnar vitundar farið til Reykjavíkur nema hluta úr nóttu á tímabilinu frá 9. febrúar til 11. maí 1938. Þorsteinn segist muna, að áfrýjandi hafi unnið að því að veða fisk pálmasunnudagsmorguninn þann 10. apríl 1938. Vitnismaðurinn Árni Ágúst Magnússon, sem var vertiðarfélagi áfrýjanda nefndan vetur, fortækur, að áfrýjandi hafi farið til Reykjavíkur á tímabilinu frá 8. febrúar til 11. maí. Segist Árni hafa verið í fiskvinnu með áfrýjanda á pálmasunnudag og hafi þeir verið návistum eftir vinnu þenna dag, og minnir Árna, að þeir áfrýjandi hafi verið saman á dansleik um kveldið í Grindavík. Báðir þessir vitnismenn hafa staðfest skýrslur sínar fyrir dómi. Vitni þeirra styrkir svo sögn áfrýjanda, að rétt þykir, að hann sé sýkn af kröfum stefndu, ef hann synjar þess með eiði á lögmæltu varnarþingi innan fjöggra vikna frá birtingu dóms þessa, að hann hafi á tímabilinu frá 20. marz 1938 til 25. maí sama ár haft samfarir við stefndu. Ef áfrýjandi fellst á eiðnum, skal hann talinn faðir barns þess, er stefnda ól þann 21. janúar 1939, enda greiði hann þá meðlag með barninu og stefndu barnsfarakostnað og styrk fyrir barnsburð og eftir, allt eftir úrskurði yfirvalds.

Ef áfrýjandi vinnur eiðinn, á málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti að falla niður, en ef honum verður eiðfall, þá greiði hann stefndu samtals kr. 400.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Ef áfrýjandi, Tómas Þorvaldsson, synjar með eiði sínum á lögmæltu varnarþingi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa samfara á tímabilinu 20. marz til og með 25. maí 1938 við stefndu, Ketilbjörgu Erlendínu Magnúsdóttur, þá á hann að vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu. En ef áfrýjandi fellst á eiðnum, skal hann talinn faðir barns þess, er stefnda ól þann

21. janúar 1939, enda greiði hann þá meðleg með barninu og stefndu barnsfarakostnað og styrk fyrir barnsburð og eftir, allt eftir úrskurði yfirvalds.

Ef áfrýjandi vinnur eiðinn, á málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti að falla niður, en ef honum verður eiðfall, þá greiði hann stefndu samtals kr. 400.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 27. marz 1940.

Ár 1940, miðvikudaginn 27. marz, var í aukadómpingi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldið var á skrifstofu embættisins í Hafnarfirði af sýslumanni Bergi Jónssyni, uppkveðinn dómur í fyrrgreindu máli, sem dómtekið var hinn 27. febr. s. l.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Þann 21. jan. 1939 ól ógift stúlka, Ketilbjörg Erlendina Magnúsdóttir, til heimilis að Garðhúsum í Hafnahreppi, sveinbarn, sem samkvæmt vottorði ljósmóður var fullburða við fæðingu. Föður að barni þessu lýsti hún Tómas Þorvaldsson, til heimilis að Borgargarði í Grindavík. Hann hefur ekki viljað kannast við faðernið, og er mál þetta höfðað gegn honum samkvæmt beiðni barnsmóður, og hefur hún gert þær kröfur, að hann verði dæmdur faðir að barninu, til þess að greiða meðlag með því, styrk til sín fyrir og eftir barnsburðinn samkvæmt úrskurði yfirvalds og auk þess málskostnað að skaðlausu. Sáttatilraun hefur reynzt árangurslaus.

Kærandi hefur haldið því fram, að hún hafi fyrst kynnt kærðum árið 1937, þegar hún var í vist í húsinu nr. 14 við Egilsgötu í Reykjavík. Síðan kveðst hún ekki hafa séð kærðan, fyrr en um miðjan apríl 1938. Kveðst hún þá kvöld nokkurt hafa hitt kærðan á götu í Reykjavík, og bauð hann henni þá fyrst upp á herbergið, sem hann hafði á sjómannaheimili Hjalpræðishersins í Reykjavík. Dvöldu þau þar um 15 mínútur, en fóru þaðan, þegar umsjónarmaður hússins tilkynnti kærðum, að hann mætti ekki hafa kvenmann á herberginu. Fóru þau síðan á Hótel Heklu, og kveðst kærandi hafa sofðið þar hjá kærðum um nóttina, og hafi þau, að því er kærandi minnir, haft um nóttina þrisvar sinnum fullkomnar holdlegar samfarir. Kærandi hefur og haldið því fram, að kærður hafi ekki notað neinar verjur. Morguninn eftir hafi þau orðið samferða í strætisvagni til Hafnarfjarðar, þar sem þau ætluðu bæði að hitta Bjarna Snæbjörnsson lækni, kærður til þess að láta hlusta sig, en

kærandi til þess að láta gegnumlýsa sig. Kærandi kveðst ekki í önnur skipti hafa haft samræði við kærðan og ekki haft holdlegar samfarir við neinn annan karlmann á getnaðartíma barnsins. Samkvæmt vottorði Bjarna Snæbjörnssonar læknis í Hafnarfirði kom kærandi til hans til rannsóknar 10. apríl 1938, og vísaði hann henni til læknis í Reykjavík, til efnaskiptarannsóknar. Segir lækningurinn, að fyrr á árinu hafi kærandi ekki komið til hans til lækninga, að því hann muni eða hafi skráð það í bækur sínar. Matthías Einarsson læknir í Reykjavík hefur í málinu gefið vottorð um það, að kærandi hafi komið til hans til efnaskiptarannsóknar á Landakotsspitála 11. apríl 1938 og verið til lækninga á sama sjúkrahúsi frá 23. júní 1938 til 7. júlí 1938. Vottar lækningurinn, að daginn, sem kærandi fór af sjúkrahúsinu, hafi hún verið athuguð, og reyndist hún þá vera vanfær og ca. 3 mánuði á leið. Undir rannsókn málsins hafa nokkur vitni borið það, að kærandi hafi ekki farið til Reykjavíkur eða Hafnarfjarðar á tímabilinu des. 1937, þangað til að hún fór í aprílmánuði 1938 til lækninga, eins og áður segir. Vitni þessi eru systkini kæranda, móðir hennar og faðir og Magnús Ketilsson, Bakka í Höfnum, sem kveðst þó ekki geta staðfest með eiði sínum, að kærandi hafi ekki farið til Reykjavíkur á tímabilinu des. 1937 til apríl 1938, þó hann hins vegar teldi líklegt, að hann hefði fengið vitneskju um það, ef svo hefði verið.

Kærður hefur á hinn bóginn haldið því fram, að samfarir þeirra, kærandi og kærðs, hafi átt sér stað í janúarmánuði 1938, og hefur hann haldið því fram, að í önnur skipti hafi hann ekki haft holdlegar samfarir við kærandi. Staðfestir kærður framburð kærandi að því er snertir stað þann, er samfarirnar hafi átt sér stað á, og önnur atvik í sambandi við samvistir þeirra, en hann hefur hins vegar haldið því stöðugt fram undir rannsókn málsins, að samfarirnar hafi átt sér stað aðfaranótt 13. jan. 1938 á Hótel Heklu í Reykjavík. Kærður hefur lagt fram í málinu vottorð Bjarna Snæbjörnssonar læknis í Hafnarfirði um það, að hann hafi rannsakað kærða 13. jan. 1938, og hefur lækningurinn lýst því yfir í sama vottorði, að hann hafi ekki síðar rannsakað kærða. Þá hefur verið lagt fram vottorð forstöðukonu sjómannaheimilis Hjálpræðishersins í Reykjavík, í þá átt, að kærður hafi ritað nafn sitt í gestabók sjómannaheimilisins og tekið herbergi á leigu til næsturgistingar 12. jan. 1938, en sú athugasemd hafi verið færð inn í gestabókina, að kærður hafi ekki gist, sem sýni, að hann hafi af einhverjum ástæðum ekki fengið að halda herberginu. Þá hefur vitnið Haraldur Teitsson borið það, að kærður hafi ekki farið til Reykjavíkur frá 25. jan. til 11. maí 1938. Dvaldi vitnið á sama heimili og kærður og svaf í sama herbergi og reri á sama bát í Grindavík, og hefur vitnið borið það, að kærður hafi verið í herbergi sínu á hverjum morgni

þetta tímabil. Þennan framburð hefur vitnið staðfest með eiði. Vitnið Steingrímur Hannes Friðlaugsson hefur einnig borið það, að kærður hafi ekki farið til Reykjavíkur á tímabilinu frá 2. febr. til 11. maí 1938, en þann tíma dvaldi vitnið í Grindavík við landvinnu og sjóróðra og kvaðst þá daglega hafa hitt kærðan, en ekki hafa átt heima í sama húsi eða róíð á sama bát og kærður. Enn fremur hefur faðir kærða, Þorvaldur Klemenzson, borið það, að hann hafi ekki farið til Reykjavíkur á ofangreindu tímabili.

Kærður hefur krafizt algerðrar sýknu af kröfum kærandi.

Eins og áður er fram tekið, ber kærðum og kærandi alveg saman um samvistir þeirra, nema að því er snertir tímann, er samfarir þeirra hafi átt sér stað. Það er upplýst í málinu, að í samtali, sem fór fram milli kærðs og kærandi, er þau komu frá Bjarna Snæbjörnssyni lækni og voru á leið frá Hafnarfirði til Reykjavíkur í bíl, að kærandi hafi sagt kærðum, að lækni­rinn hefði sagt henni, að eitthvað væri að henni í skjaldkirtlinum. Kærandi hefur haldið því fram, að samtal þetta hafi farið fram 10. apríl 1938, en kærður 13. jan. 1938. Í vottorði Bjarna Snæbjörnsonar læknis er komizt svo að orði, að kærandi hafi komið til hans 10. apríl og ekki fyrr á árinu, að því er hann muni eða hafi skráð hjá sér, og tekur lækni­rinn það fram, að ábyggilegt sé, að hann hafi ekki ráðlagt kærandi að leita efnaskiptarannsóknar, nema í þetta eina skipti, enda hafi hann ekki orðið var við sjúkdóminn í skjaldkirtlinum, fyrr en þennan dag. Að þessu athuguðu gæti kærandi ekki hafa látið orð falla í þá átt, að lækni­rinn hefði sagt, að hún væri með sjúkdóm í skjaldkirtlinum, fyrr en eftir að lækni­rinn rannsakaði hana 10. apríl. Vitnið Haraldur Teitsson hefur enn fremur borið það undir rannsókn málsins, að það muni það með vissu, að ekki hafi verið farið á sjó 10. apríl 1938, og að það hafi verið að vigta fisk með kærðum að morgni þessa dags. Vitnið kveðst þó ekki muna, hve lengi þeir hafi unnið að vigtun fisksins. Þennan framburð hefur vitnið staðfest með eiði.

Með skírskotun til framangreindra upplýsinga verður að telja, að kærandi hafi leitt þær líkur til styrktar máli sínu, að málalok verði látin velta á eiði hennar samkv. 213. gr. laga nr. 85/1936. Vinni kærandi eið að því, eftir löglegan undirbúning, á varnarþingi skv. 166 gr. laga nr. 85/1936, innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, að hún hafi haft holdlegar samfarir við kærðan á tímabilinu frá 5. til 20. apríl 1938, skal kærður talinn faðir barns þess, sem hún ól 21. jan. 1939, enda greiði hann þá meðlag með barninu, barnsfararkostnað og styrk til barnsmóður fyrir og eftir barnsburð, allt eftir úrskurði yfirvalds, svo og málkostnað með 50 kr.

Vinni kærandi ekki eiðinn, skal kærður vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu, og greiði kærandi þá 50 kr. í málskotnað.

Því dæmist rétt vera:

Vinni kærandi, Ketilbjörg Erlendína Magnúsdóttir, eið að því, eftir löglegan undirbúning, á varnarþingi samkv. 166. gr. l. nr. 85/1936, innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, að hún hafi haft holdlegar samfarir við kærðan á tímabilinu 5.—20. apríl 1938, skal kærður, Tómas Þorvaldsson, talinn faðir barns þess, er kærandi ól 21. jan. 1939, enda greiði hann þá meðlag með barninu, barnsfarakostnað og styrk til barnsmóður fyrir og eftir barnsurðinn, allt eftir úrskurði yfirvalds, svo og málskostnað með 50 kr.

Verði kærandi hins vegar eiðfall, skal kærður vera sýkn af kröfum kærandi í máli þessu, og greiðir þá kærandi 50 kr. í málskostnað.

Dóminum skal fullnægt að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. maí 1941.

Nr. 13/1941. Ólafur Johnson

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

— Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólafur Johnson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mált sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 6. júní 1941.

Nr. 15/1941. Eyþór Árnason (Theódór B. Lindal)

gegn

Páli Magnússyni (Lárus Jóhannesson).

Húsakaup. Krafa um riftingu.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Björn lögmaður Þórðarson.